

Tilmæli 28/2024  
Tillaga A1972/UHN  
Afgreiðsla Norræna sjálfbærninefndin

## Útflutningur affallsvatns á Norðurlöndum

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð hinn [færið inn dagsetningu] eftirfarandi tilmæli samkvæmt tillögu Norrænu sjálfbærninefndarinnar.

### Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til norrænu ríkisstjórnanna

að kanna möguleika á að herða reglur í löndunum um útflutning á hættulegum úrgangi umfram kröfurnar í Baselsamningnum til að bæta vernd umhverfis og lýðheilsu.

að efla og samhæfa bestu starfsvenjur við útflutning á hættulegum úrgangi og affallsvatni og vinna saman að því að bæta umhverfisvernd yfir landamæri, og

að setja í forgang að vernda vistkerfi sjávar með betri stjórnun og eftirliti með stöðum þar sem tekið er á móti hættulegum úrgangi og affallsvatni með efnum, svo sem danska fyrirtækið RGS Nordic sem tekur við iðnaðarúrgangi.

Reykjavík, 31. október 2024

Bryndís Haraldsdóttir,  
forseti Norðurlandaráðs

Kristina Háfoss,  
framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs